

Nd.

672. Frumvarp til laga

[372. mál]

um lausn vinnudeilu Mjólkurfræðingafélags Íslands annars vegar, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjú menn í kjaradóm, sem skal fyrir 1. maí 1986 ákveða kaup og kjör félagsmanna Mjólkurfræðingafélags Íslands sem starfa hjá Mjólkursamsölunni og öðrum mjólkurvinnslustöðvum.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja kjaradómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Kjaradómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum, opinberum aðilum og fyrirsvarsmönnum Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Mjólkurfræðingafélags Íslands.

2. gr.

Kjaradómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara mjólkurfræðinga leggja til grundvallar síðastgildandi kjarasamning Mjólkurfræðingafélags Íslands og vinnuveitenda og þær launa- og kjarabreytingar, sem almennt hefur um samist á vinnumarkaði frá því kjarasamningar urðu lausir hinn 1. janúar 1986.

3. gr.

Ákvarðanir kjaradóms samkvæmt 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Verkfall það, sem hafið er af hálfu Mjólkurfræðingafélags Íslands, önnur verkföll, þar með taldar samúðarvinnustöðvanir, verkbönn og aðrar aðgerðir, sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimil.

5. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi, er Mjólkursamsölunni og öðrum mjólkurvinnslustöðvum óheimilt að segja mjólkurfræðingum þeim, sem lögin taka til, upp starfi nema þeir uppfylli ekki lengur lágmarkskröfur sem gerðar eru til hæfni þeirra eða hafi gerst sekir um brot í starfi.

Nú þykir vafi leika á um réttmæti uppsagnar samkvæmt 1. mgr. og sker þá Félagsdómur úr ágreiningnum.

6. gr.

Kostnaður við störf kjaradóms samkvæmt 1. gr. laga þessara, þar á meðal laun dómenda eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum, ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. des. 1986. Úrskurður kjaradóms samkvæmt 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.

Eftir 31. des. 1986 gildir úrskurður kjaradóms meðan honum er ekki sagt upp eða nýr samningur gerður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vinnudeila Mjólkurfræðingafélags Íslands við Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna hefur nú um hríð verið til meðferðar hjá ríkissáttasemjara. Fundir deiluaðila hafa ekki leitt til þess að samkomulag hafi náðst.

Kröfur mjólkurfræðinga fela í sér verulegar hækkanir og frávik umfram það sem felst í hinum almennu kjarasamningum sem undirritaðir voru milli ASÍ annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar 26. febrúar s. l.

Samningar við mjólkurfræðinga nú, sem fælu í sér annað og meira heldur en samið var um á hinum almenna vinnuáikaði, væru til þess fallnir að riðla því breiða samkomulagi, sem náðst hefur og spilla vinnufriði.

Verkfall mjólkurfræðinga veldur auk þess mikilli röskun í mjólkurframleiðslu og miklu verðmætatjóni, sem óverjandi væri að stjórnvöld reyni ekki að bægja frá.

Af þessum ástæðum er frumvarp þetta flutt.